

**1995 nr. 27 3. mars****Lög um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða**

Tóku gildi 9. mars 1995. Breytt með 1. 79/2000 (tóku gildi 2. júní 2000) og 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Efnt skal til átaksverkefnis um vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum.

■ **2. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar fjóra menn í stjórn átaksverkefnisins og skal einn tilnefndur af [ráðuneytinu],<sup>1)</sup> einn af [því ráðuneyti er fer með málefni landgræðslu],<sup>1)</sup> einn af bændasamtökunum og einn samkvæmt tilnefningu VOR, landssamtaka bændna í lífrænum búskap.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Ef atkvæði falla jafnt við ákvarðanatöku hjá stjórninni ræður atkvæði formanns.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 207. gr.

■ **3. gr.** Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.

□ Með lífrænni framleiðslu í lögum þessum er átt við þá framleiðslu er fellur undir 6. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

■ **4. gr.** [Ríkissjóður leggur átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári á fjárlögum árin 2000–2002.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 79/2000, 1. gr.

■ **5. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur yfirumsjón með framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 207. gr.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.